

Umsögn um: Drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu

Stjórn Félags eyfirskra kúabænda (FEK) gerir alvarlegar athugasemdir við drög að reglugerð um leiðbeiningar og viðmið um sjálfbæra landnýtingu. Í þessari umsögn er einblínt á þann hluta reglugerðarinnar sem fjallar um viðmið vegna jarðræktar/akuryrkju, einkum II. viðauka. Það skal þó ekki skilja sem svo að stjórn FEK hafi ekki athugasemdir við aðra hluta reglugerðarinnar, en eftirlætur öðrum hagsmunaaðilum að fjalla um þá hluta reglugerðarinnar. Athugasemdir stjórnar FEK er í 4 liðum.

1) Í 3. gr. II. viðauka stendur:

“Samkvæmt alþjóðlegri samþykkt á aðferðafræði um sjálfbæra umsjón jarðvegs, Protocol for Sustainable Soil Management, frá áttunda aðildarþingi Global Soil Partnership í júní 2020, er ekki hægt að setja fram ákveðin töluleg gildi fyrir sjálfbærnimælivísa jarðvegs. Þetta stafar af því að í ljósi mikils breytileika jarðvegseiginleika, jafnvel innan sama svæðis, er ekki hægt að skilgreina algild gildi fyrir jarðvegsvísa, og er því mælt með að nota hlutfallsleg gildi. Hér eru því ekki sett fram töluleg viðmið sem skilyrði til að uppfylla kröfur um sjálfbæra umsjón akurlendis, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar, heldur eru settar fram leiðbeiningar í 4. gr. viðauka þessa.”

Þá sé

“...mikilvægt að afla upplýsinga um ástand svæða reglubundið til að meta þróun þeirra í átt að sjálfbærni og meta hvort ástand og gæði jarðvegs viðhaldist, eflist eða tapast, til að hægt sé að meta þörf á breytingum við landumsjón”.

Hvergi kemur þó fram hvernig þessum mælingum skuli hagað. Hver mun annast þessa vöktun eða úttekt, hver ber kostnað af henni, hvernig verður skipulaginu háttað, t.d. varðandi það hvenær og hvar verði tekin sýni úr ökrum/túnum og hversu reglulega landeigendur megi eiga von á slíkri úttekt hjá sér. Þessi grein er í heild sinni alltof opin og skilur eftir of margar ósvaraðar spurningar.

2) Í 4.gr., II. viðauka eru leiðbeiningar um aðgerðir til sjálfbærrar nýtingar. Óljóst virðist hvort að bændum sé skylt að fara eftir þessum leiðbeiningum eða hvaða tilgangi þær þjóna yfirleitt í reglugerðinni. Í 3.gr., II. viðauka segir að ekki sé hægt að setja fram ákveðin töluleg gildi fyrir sjálfbærnimælivísa jarðvegs og því séu settar fram þessar leiðbeiningar. Þessar leiðbeiningar koma þó engan veginn í staðinn fyrir töluleg viðmið. Þær eru alltof almennar og bændur algjörlega skildir eftir í myrkrinu varðandi það hvenær þeim er skylt að fara eftir þessum leiðbeiningum og hversu langt þeir þurfa að ganga.

Þrátt fyrir að tekið sé fram að ekki sé hægt að leggja fram töluleg viðmið virðist það ekki vera vandamál þegar kemur að dreifingu búfjáraburðar. Ætla mætti að

reglugerðar höfundar vilji nánast þurrka út þá hringrás næringarefna sem notkun búfjáráburðar er. Það er tekið skýrt fram að óleyfilegt sé að dreifa búfjáráburði innan við 50 metra frá vatni. Þetta eru mjög íþyngjandi og kostnaðarsamar takmarkanir fyrir bændur en það eru engin gögn sem benda til að mengun eigi sér stað í dag.

3) Það er óeðlileg stjórnslásla með öllu að landgræðslan hafi allt vald. Landgræðslan samdi reglugerðina án fullnægjandi samráðs við hagsmunaaðila, Landgræðslan fer með eftirlit samkvæmt reglugerð þessari og Landgræðslan fer með dómsvald skv. 11. gr. reglugerðarinnar. Þetta er ótækt og gerir stjórn FEK alvarlegar athugasemdir við þessa stjórnslásluhætti.

4) Lög um landgræðslu 155/2018, 11.gr. segir:

*“Ráðherra skal setja reglugerð með það að markmiði að tryggja sjálfbæra landnýtingu, sbr. 9. gr., með leiðbeiningum og viðmiðum þar að lútanda sem taki mið af ástandi lands, m.a. varðandi beit búfjár, umferð fólks og ökutækja, framkvæmdir og akuryrkju. Landgræðslan gerir tillögur að slíkum leiðbeiningum og viðmiðum að **höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, sveitarfélög og hagsmunaaðila** eftir því sem við á hverju sinni. Ráðherra birtir opinberlega drög að leiðbeiningum og viðmiðum og skal frestur til að skila athugasemdum vera að lágmarki fjórar vikur.”*

Þessi grein virðist hafa verið virt að vettugi þar sem lítið sem ekkert samráð var haft við sveitarfélög og hagsmunaaðila. Þetta er harðlega gagnrýnt af stjórn FEK.

Heilt yfir þá þarf reglugerðin að vera skýrari svo hægt sé að fara eftir henni. Í henni er of mikið af huglægum viðmiðum sem erfitt er að vita hvort þurfi að fara eftir, og ekki er skýrt hver ákveður hvar mörkin liggja. Hver það er sem ákveður hvort að eigi að fara eftir þeim leiðbeiningunum sem koma fram í 3.gr., II. viðauka sem eiga að koma í staðinn fyrir töluleg viðmið og þá hversu langt eigi að ganga?

Að endingu skal það tekið fram hér að stjórn FEK er að sjálfsögðu fylgjandi landvernd og sjálfbærri nýtingu lands. Þessi reglugerð í óbreyttri mynd er hins vegar ekki rétta leiðin til að ná því fram. Stjórn FEK leggst því gegn því að reglugerðin verði samþykkt án yfirgripsmikilla breytinga og krefst þess að hún verði endurunnin og þá að höfðu breiðu samráði við bæði sveitarfélög og hagsmunaaðila.

Virðingarfyllt,
Stjórn Félags eyfirskra kúabænda.